

25. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um aðgjörð á landshöfðingjahúsinu í Reykjavík.

1873.

16. apríl.

Í bréfi, dagsettu 24. f. m., hafð þér, herra landshöfðingi, skýrt svo frá, að ýmsir annmarkar sè á stiptamtannshúsinu í Reykjavík, sem nú er lagt til landshöfðingja-embættisins. Hafð þér í þessu tilefni tekið það fram, að skrifstofan, sem nú sem stendur að eins er eitt herbergi, nægi ekki handa landshöfðingja-embættinu, en til þess þurfi minnst tvö herbergi, annað handa skrifaranum og hitt handa hinum, sem við skrifstofuna eru. Þér áltíð, að ráða megi bót á þessu með því, að skipta herberginu í tvennt, og ætlið þér á, að kostnaðurinn við það og til tveggja ofna muni verða hërumbil 150 rd., jafnframt og þér stingið uppá, að ofninn, sem nú er í herberginu og sem eigi verður hafður til skrifstofunnar, verði settur upp annarstaðar í húsinu. Þvínæst áltíð þér nauðsynlegt, að hálf tann stafgólf í hliðarhúsinu, sem er byggt við aðalbygginguna, verði rífið, til þess að fá afrennsli vatns úr garðinum, og mun kostnaðurinn við þessa breytingu og það, sem stendur í sambandi við hana, verða hërumbil 200 rd. Að endingu getið þér þess, að þakrennurnar á húsinu sè í svo vondu standi, að þar verði að útvega nýjar í staðinn, og að hliðið sè svo gengið af sèr, að viðgjörðar þurfi, og muni kostnaðurinn til þakrennanna verða 100 til 120 rd., en til aðgjörðarinnar á hliðinu 40 rd. Með því aðgjörðir þessar eigi snerta minniháttar viðhald á húsinu innanstokks, hafð þér farið þess á leit, að veittir verði í þessu skyni allt að því 500 rd. af því fè, sem á reikningsárinu frá 1. janúar til 31. desbr. 1873 er ætlað til óvissra útgjalda fyrir Ísland, og að yður verði fengið vald til, að láta þessar aðgjörðir fram fara á yfirstandandi ári á þann hátt, sem hagfelldastur er og mestur sparnaður að, og eptir því, sem þér hafð bent til í bréfi yðar.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðið eptir því, sem fram er komið, þykist geta samþykkt, að greiða megi kostnað þenna úr landssjóðnum, og hefir

1873.  
16. apríl.

Því í dag skrifað landfógetanum, að borga allt að því 500 rd. úr jarðabókarsjóðnum í þessu skýni, þegar þér gjörð tilkall til þess. Um það, hvernig fê þessu hefir verið varið, mælumst vér til að fá reikning með tilheyrandi skilríkjum, þegar að því kemur.

16. apríl

## 26. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um yfirréttarhúsið í Reykjavík.

Í bræfi, dagsettu 27. febrúarm. þ. á., hafið þér, herra landshöfðingi, stungið uppá:

að landssjóðurinn kaupi hið svo nefnda yfirréttarhús í Reykjavík, sem er eign dómsmálasjóðsins íslenska, fyrir kaupverð, eptir mati óvilhallra manna, eða með þeim skilmála, að hann endurgjaldi dómsmálasjóðnum kostnaðinn við að koma fyrir húsakynnum í hegningarhúsinu, þar sem landsyfirrættur eptirleidis skal haldinn;

að tæðu húsi samkvæmt áætlun og meðfylgjanda uppdrætti á kostnað landssjóðsins verði komið svo fyrir, að það sumpart verði haft til prestaskólans, sem missir það húsnæði 1. oktbr. þ. á., sem hann hingað til hefir haft, og sumpart annaðhvort til sjómannaskóla þess, sem er í ráði að koma á stofn, eða til lækniskennslu þeirrar, sem stofnuð er í Reykjavík, ef herbergi þau í sjúkrahúsinu, sem nú eru höfð til þeirrar kennslu, verða ætluð til einhvers annars;

að framkvæmdum þeim, er snerta prestaskólann, verði lokið í sumar, svo allt sè tilbúið handa honum 1. oktbr. þ. á.;

að landshöfðingjanum verði veitt vald til, að halda undirboðsþing, eða, ef það eigi tekst, að gjöra samninga samkvæmt fyrnefndri áætlun og uppdrætti, til þess ráðstafanir þær verði framkvæmdar, sem með þarf útaf þessu.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, að stjórnarráðið fellst á uppástungur yðar með svofelldu móti:

að landssjóðurinn kaupi fyrnefnt yfirréttarhús fyrir verð eptir mati óvilhallra manna, og skuli það koma uppi það fê, sem úr